

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Nes í Reykholti, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti deiliskipulag golfvallar, íbúðarhúsalóða og frístundahúsalóða, Nesi, Reykholtssdal, á fundi sínum 13. janúar 2022. Deiliskipulagið sem er 20 ha að stærð, tekur til 9 holu golfvallar og golfskála (O29), 2 íbúðarhúsalóða og 2 frístundahúsalóða (F109).

Galtarholt I, Stekkjarás, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi, Galtarholt 1, Stekkjarási, á fundi sínum 13. janúar 2022. Breytingin tekur til stækkunar á byggingarreit einnar lóðar, Skógargötu 6.

Fjóluklettur 9a, 9b og 11, Bjargslandi II, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi, Bjargslandi II í Borgarnesi, á fundi sínum 13. janúar 2022. Breytingin tekur til lagfæringa á lóðamörkum húsanna á milli og kvaðar um aðkomu að miðlóðinni.

Skipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 1. febrúar 2022.

Drífa Gústafsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 15. febrúar 2022